

373. fundur

Bæjarráð Stykkishólms hélt fund mánudaginn 24. maí 2004 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Elísabet Lára Björgvinsdóttir, formaður
Rúnar Gíslason
Hilmar Hallvarðsson, varamaður,
Óli Jón Gunnarsson, bærarstjóri
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Formaður setti fund og fól síðan bæjarstjóra fundarstjórn.

1. Fundargerðir nefnda.
 - 1.1. Skipulags- og bygginganefnd, dags. 4.5.2004.
Fundargerð lögð fram. Liður 3 samþykktur og liður 6 er vísað til bæjarstjórnar og óskað er eftir viðhlýtandi kynningu á þessum lið. Fundargerð samþykkt að öðru leyti.
 - 1.2. Skólanefnd Tónlistarskóla, dags. 11.5.2004.
Fundargerð lögð fram.
2. Aðrar fundargerðir.
 - 2.1. Héraðsráðs, dags. 28.4.2004.
Bæjarráð vísar til bæjarstjórnar að tilnefna tvo fulltrúa í samstarfsnefnd sveitarfélaga á Snæfellsnesi.
 - 2.2. 48. fundur Breiðafjarðarnefndar, dags. 15.3.2004.
Fundargerð framlögð.
 - 2.3.192. og 193. fundir Launanefndar sveitarfélaga, dags. 21.4 og 5.5.2004.
Fundargerðir lagðar fram.
3. Ársskýrslur.
 - 3.1. Lánasjóðs sveitarfélaga 2003.
 - 3.2. Ársskýrsla Sambands íslenskra sveitarfélaga 2003.
Ársskýrslur lagðar fram.
4. Umsóknir um stöðu byggingarfulltrúa/tæknimanns.
Það komu átta umsóknir um stöðu byggingarfulltrúa/tæknimanns. Umsóknir ræddar og málinu vísað til bæjarstjórnar. Bæjarritari vék af fundi meðan þessi liður var ræddur.
5. Fundarboð – Aðalfundur Félags- og skólajónustu Snæfellinga
27. maí nk. á bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar.
Samþykkt að bæjarstjóri fari með umboð Stykkishólmsbæjar á Aðalfundi Félags- og skólajónustu Snæfellinga.
6. Bréf Umhverfisstofnunar, dags. 28.4.2004. – Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs.
Bréf Umhverfisstofnunar lagt fram. Bæjarráð leggur til að Sorpurðun Vesturlands sjái um að gera svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Vesturlandi.
7. Bréf menntamálaráðuneytisins, dags. 7.5.2004.
Bréf menntamálaráðuneytis lagt fram.
8. Bréf Lánasjóðs sveitarfélaga, dags. 12.5.2004.

- Lánasjóður sveitarfélaga samþykkti að veita Stykkishólmbæ 30 milljóna kr. lán og er bæjarstjóra falið að ganga frá lántökunni fyrir hönd Stykkishólmsbæjar.**
9. Bréf framkvæmdastjóra ÍSÍ, dags. 5.5.2004.
Bréf framkvæmdastjóra ÍSÍ framlagt.
 10. Bréf framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 27.4.2004.
Bréf framkvæmdastjóra S.í.s. lagt fram.
 11. Tölvupóstur frá Siglingastofnun, dags. 7.5.2004.
Erindi Siglingamálastofnunar samþykkt.
 12. Ferðamálasamtök Snæfellsness.
Bæjarráð samþykkir að veita 75.000 kr. styrk til Ferðamálasamtaka Snæfellsness.
 13. Málefni starfsmanns að æskulýðsmálum.
Bæjarstjóri gerði grein fyrir stöðu málsins.
 14. Bréf Sjávarútvegsnefndar, dags. 18.5.2004, varðandi umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða.
Bréf Sjávarútvegsnefndar Alþingis lagt fram.
 15. Lóðaúthlutanir.
Magnús Ingi Bæringsson afsalaði sér lóðinni að Laufásvegi 17 og þar með kemur fyrri samþykkt bæjarráðs um úthlutun lóðar að Laufávegi 17 til Álfgeirs Marinóssonar til úthlutunar.
Högni Högnason og Íris Huld Sigurbjörnsdóttir afsala sér lóðinni að Laufásvegi 19 og henni úthlutað til Sverris Jóhannessonar, Hagamel 45 í Reykjavík.
 16. Gatnagerðaframkvæmdir sumarið 2004.
Bæjarstjóra er falið að ganga frá samningum við Borgarverk um gatnagerðaframkvæmdir sumarið 2004.
 17. Framkvæmdaráð Snæfellsness.
Umræður fóru fram um erindisbréf framkvæmdaráð Snæfellsness.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 18:40
Þór Örn Jónsson, bæjarritari